



Faghópur I

Fundargerð 19. fundar

Orkustofnun, 29. október 2009, kl. 10:00-12:30

Mætt: Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Auður Sveinsdóttir, Freysteinn Sigmundsson, Gísli Már Gíslason, Haukur Jóhannesson, Hilmar J. Malmquist, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Magnús Ólafsson, Ragnheiður Traustadóttir, Snorri Baldursson, Sólborg Una Pálsdóttir og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

Forföll: Helgi Torfason

Gestir frá Landsvirkjun voru Óli Grétar Sveinsson, Helgi Jóhannesson, Eysteinn Hafberg og Hákon Aðalsteinsson.

Fundarfrásögn

- Kynningarfundur.** Dagskrá fundarins var helguð kynningu fulltrúa Landsvirkjunar á virkjunar- og veitukostum í Skaftá, Hólmsá og Tungnaá.
- Skaftá, Skaftárveita og Hólmsá.** Kynning Helga Jóhannessonar. (Sjá glærुकynningu með fundargerð á vinnusvæði heimasíðu.) Í svörum við fyrirspurnum kom m.a. fram:
 - Kynnt virkjunarhugmynd um Skaftárvirkjun byggir á þeirri forsendu að Skaftárveita um Langasjó sé til staðar.
 - Spurt var hvort byggja þyrfti stíflugarð ofan á náttúrulegu útfalli Langasjávar og e.t.v. víðar meðfram vatninu. Svar var neitandi en núverandi útfall yrði styrkt með steinsteypu. Yfirfallshæðin verður í kóta 662 m sem er jafnt núverandi vatnshæð í Langasjó. Enga garða þarf að gera meðfram Langasjó.
 - Spurt var hversu hátt yfir núverandi vatnsborð Langasjávar vatnsborð miðlunarlóns í Langsjó muni ná. Í svari var bent á að vatnsborð Langasjávar hækki í flóðum. Mest getur hækkunin orðið 7,2 m (vatnsborð í kóta 669,2 m) í brotmarkaflóði sem er flóð með 500-ára endurkomutíma.
 - Á nokkrum kortum komu fram hugmyndir um línustæði. Fulltrúar LV tóku fram að þar væri alfarið um þeirra hugarleikfimi að ræða enda ábyrgð á línulögnum alfarið á forræði og ábyrgð Landsnets.
 - Skaftárveita með lóni norðan Langasjávar (svokölluðum Norðursjó) er ekki talin raunhæf miðað við núverandi tækniþekkingu. Aurburður mun fylla lónið á nokkrum áratugum og ekki hefur fundist lausn á því vandamáli.
 - Verði Skaftá virkjuð og lón myndað á Þorvaldsaurum er ætlunin að byggja veitugarð í Skaftá sem ætlaður er að beina rennsli í flóðum um Ásavötn fremur en austur með Síðunni.
- Tungnaárlón og Bjallavirkjun.** Kynning Eysteins Hafberg. (Sjá glærुकynningu með fundargerð á vinnusvæði heimasíðu.) Í svörum við fyrirspurnum kom m.a. fram:
 - Með tilkomu Tungnaárlóns mun lóna inn í Skyggisvatn.

- a. Aðkomuleið að stíflustæði í Tungnaárlóni er áformuð í gegnum Veiðivatnasvæðið. Hugsanlega er til önnur leið að sunnanverðu.
 - b. Tungnaárlón verður um 50 km² en til samanburðar er Þórisvatn í hæstu stöðu ca 90 km².
 - c. Spurt var um hvort til staðar væru nægilegar mælingar á aurburði. Fram kom að mikill aur mun setjast í lónstæðið en það breytir þó ekki þeim forsendum sem hönnun styðst við.
 - d. Spurt var um áhrif á Veiðivatnasvæðið. Fram kom að gert er ráð fyrir grunnvatnsaukningu um 5-10%. Mælingar sýna hins vegar að náttúruleg aukning grunnvatns er margfalt meiri enda teygir áhrifasvæði grunnvatnsstöðu sig norður á Hágöngusvæðið og bráðnun jökla er stór áhrifavaldur. Samkvæmt niðurstöðum verkfræðistofunnar Vatnaskila má ætla að grunnvatnsstaða nærri jöklum hafi hækkað um allt að 5 metra og veruleg áhrif má merkja fjær, t.d. allt að 1 metra hækkun á Veiðivatnasvæðinu.
4. **Annar kynningarfundur.** Fulltrúar Landsvirkjunar munu mæta á næsta fund faghópsins og kynna fleiri virkjunarkosti. Byrjað verður á kostum á Þjórsársvæði (Búðaralda, Skrokkalda, Norðlingaalda, Hágöngur, neðri Þjórsá), þá Blöndusvæði, Skatastaði í Skagafirði og ef tími vinnst til jarðhitavirkjanir á Mývatnssvæði.
 5. **Næsti fundur** verður haldinn í Orkustofnun fimmtudaginn 12. nóv. Kl. 8:30 verður nýjum meðlimum hópsins kynnt aðferðafræði við verðmæta- og áhrifamat. Kl. 10:00 mæta fulltrúar Landsvirkjunar og kynna fleiri virkjunarkosti en fundinum mun ljúka um kl. 13:00.
 6. **Fundi var** slitið kl. 12:30.